

Suður um nesin

er öruggasta innsiglingin um Hamarssund. Samt er ég persónulega ekki sáttur við sundið það. Ég skil ekki hvernig karlarnir fara að rata alla þessa króka.

Kannski miða þeir strompinn á frystihúsinu við þriðja glugga frá hægri á efri hæð samkomuhússins.

Kannski láta þeir innsiglingarvitann bera við einhvern tiltekinn smastaur á Niðnesheiði.

Kannski miða þeir hreint ekki neitt og fara þetta blindandi.

Kannski rata bátarnir þetta sjálfir.

Og ef til vill nota þeir gulu innsiglingarmerkin upp af sjónum.

Ekki leyndir sér að vertið er lokið. Bátarnir liggja þétt við garðinn. Síða við síðu, eins og þeir leiti halds og trausts hver hjá öðrum.

Það er miklið sólskin þennan dag og fagurt veður. Væð er yfir sjónum og hún hefur smitað karlana. Þeir eru að grípa til hendinni í eitt og annað, en lenda svo óforvarendis á kjaftatörn. Þeir sitja á lestarlúgunum og dingla löppunum, reykjandi, snússandi sig og setja upp þennan spakvitra þveg, sem kemur á sjómenn, þegar þeir ræða horfurnar. Hvernig þetta eiginlega fari þarna fyrir norðan og og þarna fyrir austan og hvort nokkur von sé í síld. Hvort nokkuð vit sé í að fara á síld. Hvort allt sé ekki á leiðinni til helvitis á fullu gasi.

Svona láta þeir á bryggjunni í Sandgerði. Rétt eins og karlarnir fyrir vestan, norðan og austan.

Og Náttfari frá Húsavík er að leggja að. Líklega komast þeir ekki heim í brád fyrir ísnum. Ljót stand það og búnir ir að þrauka heila vertið fjárrí ástvinum.

Sjómenn eru sjaldan ófunds verðir. Þeir eru ekki allir englar. Og hetjuskapurinn er upp og ofan hjá þeim eins og öðrum. Það er bara ekki hægt að labba sig í land, þó eitthvað blási og maður er tilneyddur að fylgja kollunni, jafnvel á hafsbotn ef svo ber undir.

Ég held að við ættum fyrst að minnst þess í dag, hvað við eigum duglega, samvirkusama og góða sjómenn og frábæra fiskimenn, en láta allan hetjuskapinn liggja milli hluta.

Við Eldey

Séð frá Stafnesi gnæfir Eldey við hafsbrún. Guðmundur spurði okkur í gamni, „hvort við sæjum ekki skúrinn þarna úti“. Og satt er að tilsyndar er Eldey að sjá eins og hún sé beitarnús Karlsins á Reykja nesi.

Um, eða uppúr aldamótunum var í Höfnum sá nafnfrægi maður. Hjalti, sem þekktur er undir nafninu Eldeyjar-Hjalti. Hann mun hafa klifið Eldey fyrstur manna. Hann setti leiðina þar upp með keðjum og reipum.

Eftir þetta afrek Hjalta, var síður manna að fara í Eldey að drepa súluunga, a.m.k. einu sinni á sumri. Voru þá



Gömul bæjarhús í Bjarskerjalandi.

viðhafðar sömu aðfarir og sáust í sjónvarpsþættinum „Skerdagur“ og frægt varð að endemum.

Við skulum nú ljúka þessu rabbi um Miðnes og Miðnesinga með því að endursegja að nokkru frásögn Magnúsar Þórarinssonar „Frá Suðurnesjum“ og hann kallar „Eldeyjarfarir fyrir 60 árum“.

Hann var sjálfur með í ferð þeirri er frá greinir og varð sögulegri en aðrir Eldeyjarfarir.

Við skulum fara fljótt yfir fyrri hluta sögunnar. Þeir náðu að stökkva í land á Eldrey í fyrri ferð sinni þangað út. Þeir voru á tveimur skipum. Hið stærra hét Hreggviður, en hitt Þolinmóður og var Magnús þar á. Svo er háttáð lendingu við eyna, að þar verður ekki komið að nema í ládaðu. Annars er of miklið sog og ókyrrð við þverhnýpt bjargið. Menn verða að stökkva upp á mjóan klettafall af hnýfli einn og einn í einu, en síðan er skipunum haldið frá og beðið eftir að uppgöngumennirnir kasti fengnum niður. Hann er svo tindur upp úr sjónum.

Þó hrikaleg sé lýsing Magnúsar af uppgöngunni sjálfri, gekk allt slýsalaust í eygni. Komu þeir kátir til lands með fenginn, sem var kærkominn.

Þar sem þessi fyrri ferð til lands hafði gengið svo að óskum, var ákveðið að efna til annarar ferðar haustið eftir. Þá náðu þeir ekki landtöku í eygni og snéru frá við búið. Er nú ekki að orðlengja, að á þá skellur dimmviðri og þeir lenda í hafvillum á opnum skipunum. Í lengstu lög reyndu þeir að halda skipunum saman.

Heldur þótt í þeim einkenni leggt að sjá engan togara af öllum þeim sæg, sem þarna var fyrir um daginn. Þannig sigldu þeir tímunum saman. Til að reyna að átta sig, renndu þeir á Þolinmóði út 90 faðma færi en fundu ekki botn. Þeir þekktu ekki meira dýpi á leið sinni en 60 faðma. Og nú rann upp fyrir þeim, að þeir voru villtir.

Enn sigla þeir klukkustund um saman á hvorn veg. „En allir voru á einu málu um að siglt hafi verið lengst af með of miklum seglum, svo að oft þurfti að láta „kala við jaðar“

og „gefa út klyver“. Siglingin hafði því verið óróleg og skipið fór miklu ver í sjó. En okkur var áhugamál að missa ekki úr augsyn Hreggvið, sem var miklu stærra skip og skrifaðrýgra. Vindur var hvas og kvikur krappar og stórar. Okkur var sagt síðar, að seinni hluta hins umrædda dags hafi verið illstætt austanrok á landi.

Páll formaður okkar var búinn að sitja við stýri allan daginn hann var því orðinn kaldur og stíður og fékk einum hásetanna stýrið um stund. Ekki leið á löngu að hnútur reis og skall svo harka lega á framkinnung, að brak aði í skipinu og talsverður sjór kom inn. Slæmri stjórni var um kennt, enda tók Páll aftur stýrið. Þá var það að einn hásetinn talaði um, að ljótt væri útlíðið og líklega yrði þetta okkar síðasta för. Páll formaður tók hann á orðinu og bað hann eigi mæla æðruorð, heldur skyldum við taka hverju sem að höndum bæri, með karlmennsku og hugþryði. Var það einróma endur tekið um allt skipið, og þeir sem réru undir, rykktu fastar í árarar, orðum sínum til áherzlu.

Árarar voru einlægt hafðar úti á kulborða. Var það gjört í tvennum tilgangi. Þegar báru komu, var seilt til að dýfa þeim öllum samtímis í báruna. Árarar urðu þá einskona brimbrjótur og drógu ótrúlega úr afli bárunnar. Í annan stað var okkur

kalt. Sú óvenja var algeng, einkum hjá yngri mönnum, að fara ver hlífaðir í aðrar sjóferðir en fiskiróðra, og svo var hér. Vorum við því orðnir alvotir innst sem utast af sí felldri rigningu og ágjöf og nærri því rifunum um árarar okkur til hita.

Það var farið að skyggja og Hreggviður hvarf okkur í sorta og rökkur, en það bar til að klyver hans slitnaði niður við toppinn og varð ekki aðgjört nema fella mastur. Þeir sáu okkur sigla framhjá, en við sáum ekki til þeirra. Fyrst Hreggviður er horfinn, liggur okkur ekkert á, það er þá bezt að rífa öll segl undir nóttina, láta svo hala, eitthvað, okkur er sama hvert, aðeins að verjast áföllum, og veza „ofan á“.

Við erum á suðurslag með allt rífað og rólegt eftir atvikum. Klukkan er um hálf átta að kvöldi og orðið alldimmt og því fremur vegna mikils sorta í lofti. Allt í einu sáum við móta fyrir háum dökkva í sortanum og myrkviðinu framundan. Okkur mun öllum hafa kosið sama í hug. Eldey aftur. Gott. Við vitum þá hvar við erum. En það skipti engum togum, að hjá okkur brunar þrimastraðbriggskip. Einn maður kallar. Ekkert svar. Formaður bauð: köllum allir í einu. Skipsmenn heyrðu ópið, en sáu ekkert. Eftir augnablik var skipið stanzað, en var þá að því komið að hverfa aftur í sortann og dimmuna. Við rifum niður

seglin, tókum til ára og rérum að skipinu. . .“


Nú er hægt að fara fljótt yfir sögu. Þeir náðust allir óskaddaðir um borð, en Þolinmóður laskaðist er þeir lögðu upp að skipinu. Hann sókk svo í togi skömmu síðar.

Skipið reyndist heita „Aldebarinn“, það var norskt og skipstjóri hét H. Hansen.

Þessi fundur í rúmsjó varð svo báðum aðilum til happs, því að skipstjóri rataði ekki inn til Reykjavíkur, en þáði leiðsögn eins af skipbrotsmönnum.

Er nú ekki að orðlengja að þeir félagar komust heilir heim um síðir og vöktu bæði fögnuð og undrun á Miðnesi, því allir voru þeir taldir af. Hreggviður hafði náð landi af eigin rammeik.

Hér skilja leiðir með okkur og Magnúsi Þórarinssyni og ekki sýnist mér ástæða til að hafa þetta spjal öllu lengra, en óska sjómönnum til hamingju með daginn.



Áralagið?